

Umsókn um aðgangsaðkenni auglýsanda í Stjórnartíðindum.

Ég undirritaður umsækjandi um aðgangsaðkenni (notandanafn og aðgangsorð) auglýsanda að rafrænu auglýsingakerfi Stjórnartíðinda á netinu hef kynnt mér eftirfarandi skilmála og ábyrgist að fara eftir þeim í hvívetna.

Einungis þeir, sem geta gefið út auglýsingar sem skylt er að birta í Stjórnartíðindum, samkvæmt 2.-4. gr. sbr. 6. gr. laga nr. 15/2005 um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, geta sótt um aðgangsaðkenni auglýsanda. Skrifstofa Stjórnartíðinda getur þó hafnað innsendum auglýsingum, sbr. 5. gr. laganna. Aðgangur veitir heimild til að senda inn rafrænar auglýsingar til birtingar í rafrænum Stjórnartíðindum og ótakmarkaðan aðgang að eigin auglýsingum frá upphafi aðgangs.

Auglýsingar sem sendar verða inn með aðkenni sem úthlutað er á grundvelli samþykkis þessarar umsóknar skoðast jafngildar og auglýsandi hefði undirritað þær eigin hendi. Aðgangsaðkenni sem hefur verið úthlutað eru tengd við einn auglýsanda sem ber ábyrgð á því að þau verði ekki misnotuð. Öll notkun á grundvelli úthlutaðra aðgangsaðkenna að rafrænu auglýsingakerfi Stjórnartíðinda, er á ábyrgð auglýsanda.

Hver sá sem aflar sér aðgangsaðkenna auglýsanda með ólöglegum hætti og/eða miðlar þeim áfram með ólöglegum hætti getur átt von á kærui og/eða lögsókn. Aðgangsaðkenni auglýsanda skal eingöngu veita móttöku ef þau koma beint frá skrifstofu Stjórnartíðinda eða í undirrituðu ábyrgðarbréfi frá skrifstofunni.

Umsókn þessi skal útfyllt, undirrituð, dagsett og send skrifstofu Stjórnartíðinda í innanríkisráðuneytinu, Skuggasundi 3, 150 Reykjavík. Við móttöku og staðfestingu verður ábyrgðarbréf með notandanafni og lykilorði sent umsækjanda. Einnig má afhenda umsókn þessa á skrifstofu Stjórnartíðinda.

Nafn auglýsanda: _____

Kennitala: _____

Heimilisfang: _____

Póstnúmer og staður: _____ Sími: _____

Netfang: _____

Dagsetning og staður: _____

Undirskrift (og embættisstimpill) auglýsanda/ábyrgðarmanns.